

Sælir viðtakendur

Veit að frestur til athugasemda er liðinn en vil samt koma á framfæri athugasemdum við þessa þingsályktun.

Í þingsályktuninni er eftirfarandi málsgrein:

„Skoðaðir verði möguleikar á að auka hlutdeild endurnýjanlegs eldsneytis sem hefur ekki áhrif á fæðuframleiðslu eða landnotkun.“

Það er ekki alvega ljóst hvað er átt við með málsgreininni en ég tel að best sé að sleppa henni þar sem hún getur torvelað að farið verði út í ræktun á repju til að búa til olíu.

Ég óttast að málsgreinin feli í sér mikinn misskilning og vil ég í því sambandi árétta nokkur atriði:

- Á Íslandi er nóg af ræktanlegu landi, hins vegar er það svo takmarkað sem hægt er að rækta vegna kalds veðurfars að mest af ræktanlegu landi er ekki ræktað heldur eingöngu notað sem beitiland.
- Ef hægt er að rækta á íslensku landi afurðir sem hægt er að nota til framleiðslu endurnýjanlegs eldsneyti þá er það mikið fagnaðarefni og er gríðarlegt tækifæri fyrir íslenskan landbúnað. Þótt það þýði aukna landnotkun þá er það alls ekki vandamál, þá er einfaldlega verið að bæta nýtingu á auðlindinni: ræktanlegt land.
- Repja er hugsanlega ein þessara afurða. Ef hægt er að rækta hana á Íslandi þá hefur það ýmsa afar veigamikla kosti:
 - Aukin matvælaframleiðsla innanlands. Repjuolían er matvæli í eðli sínu eins og önnur jurtaolía þótt hún yrði notuð sem eldsneyti við eðlilegt ástand. Hratíð sem fellur til við olíupressunina er nýtt sem fóður fyrir búpening.
 - Út frá þjóðaröryggi er repjuræktun einstaklega áhugaverð. Þótt að olían úr repjunni yrði notuð sem orkugjafi við eðlilegt ástand þá væri í neyðarástandi hægt að nota hana til manneldis. Ef landið lokaðist af einhverjum ástæðum gætu landsmenn valið hvort olían yrði notuð til manneldis eða notuð sem orkugjafi á vélar sem þá hugsanlega væru notaðar til annarrar matvælaframleiðslu eða eitthvað annað. Ræktun repju myndi því auka þjóðaröryggi mikið.
 - Tækifæri fyrir Íslenskan landbúnað sem hefur verið í varnarbaráttu lengi. Gæti styrkt veikar byggðir sem yrði til þess að önnur matvælaframleiðsla héldi þar áfram.

Kveðja

Jón Þorvaldur Heiðarsson

Lektor við HA